

**Aukafundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 21. okt. 2010 á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, fundurinn hófst kl. 17:00.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Steinunn Leósdóttir, Ævar Rafn Marinósson, Reimar Sigurjónsson, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri og Jóhanna Helgadóttir sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar

#### **Dagskrá :**

**1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 28.09.2010**

Lögð fram til kynningar.

**2. Fundargerð húsnæðisnefndar dags. 4.10.2010**

Sveitarstjóri benti á lið 1 þar sem sveitarstjóra var falið að athuga hvernig úthlutunarreglum skuli háttað á íbúðunum við Bakkaveg 23 sem eru íbúðir fyrir eldri borgara. Sveitarstjóri hefur ekki fundið neinar skriflegar samþykktir um úthlutunarreglur á þessum íbúðum en hefðin hefur verið að sveitarstjórn úthluti umræddum íbúðum.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerð USB dags. 06.10.2010**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**4. Fundargerð Nausts dags. 27.09.2010**

Lögð fram til kynningar.

**5. Fundargerð Nausts dags. 05.10.2010**

Lögð fram til kynningar.

**6. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29.09.2010**

Lögð fram til kynningar.

**7. Skýrsla sveitarstjóra.**

- I. Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.
- II. Sveitarstjóri óskaði eftir því að fá að auglýsa fasteignina Fjarðarveg 29 (Bakka) til sölu.  
Samþykkt samhljóða.
- III. Sveitarstjóri fór yfir að síðastliðinn mánuð hafi hann sótt eftirfarandi þing og ráðstefnur.
  - Á Akureyri 17. sept. samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga.
  - Hafnasambandsþing á Stykkishólmi 22. - 24. sept.
  - Aðalfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri 29. sept.- 1.okt.
  - Fundur á Húsavík vegna niðurskurðar hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. 3.okt.
  - Aðalfundur Eypings haldinn á Siglufirði 8.-9. okt.
  - Fundur á Húsavík með Heilbr.stofnun Þing. 7. okt.
  - Fjármálaráðstefna í Reykjavík 13.-15. okt.

8. **Aðalfundur Eypings 2010, breytingar á lögum og samþykktum.**  
*Lögð fram til kynningar.*

9. **Ályktanir aðalfundar Eypings 2010**  
*Sveitarstjóri benti á ályktun sem samþykkt var á fundinum:*

**“Þjónusta vegna nýtingar auðlinda á norðurslóðum**

Aðalfundur Eypings, haldinn á Siglufirði 8. og 9. október 2010, fagnar þeirri vinnu sem sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur hafa staðið fyrir til undirbúnings og kynningar á kostum Finnaþingis sem stórskipahafnar og þjónustusvæðis fyrir olíu- og gasleit á norðurslóðum. Fundurinn fagnar einnig og styður hugmyndir um Siglufjörð sem þjónustumiðstöð fyrirtækja sem vinna að nýtingu auðlinda á Austur-Grænlandi. Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að þróa samstarfsnet vöktunar og rannsókna á norðurslóðum í sameiginlegri rannsóknamiðstöð og að hún verði staðsett við Háskólann á Akureyri. Með þessu má leggja grunn að öflugu þekkingar- og þjónustusamfélagi á Norðausturlandi.“

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.